NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 143/565*
*komudagur 6.12.2013*

**Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis**
**Nefndasviði Alþingis við Austurvöll**
**101 Reykjavík**

Vestmannaeyjar, 6. desember 2013

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013 (þingskjal 199 — 167. mál).**

Náttúrustofa Suðurlands telur engin rök fyrir því að fella á brott lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Lögin, sem taka eiga gildi 1. apríl 2014, marka tímamót í íslenskri náttúruvernd þar sem þau eru færð í átt að alþjóðasamningum á sviði náttúruverndar sem Íslendingar hafa fullgilt og ber að framfylgja. Lögin eru afrakstur mikils undirbúnings og víðtækara samráðs en áður hefur þekkst við lagasetningu sem þessa og fela í sér skref fram á við fyrir náttúruvernd á Íslandi.

Samtök náttúrustofa, skiluðu ítarlegri umsögn um lögin í september 2012 og er hér tekið undir þá umsögn.

Undirritaður telur mikilvægt fyrir náttúruvernd á Íslandi að afturkalla ekki lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst,

Ingvar A Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson, forstöðumaður

Náttúrustofa Suðurlands, Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar.
481-2683, fax 481-2669, http://www.nattsud.is, nattsud@nattsud.is, kt. 441096-2089